



# Landvarsla við Breiðafjörð 2020

 **UMHVERFIS**  
STOFNUN

Febrúar 2021

# Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Umferð um verndarsvæðið .....	3
Umferð á vegum.....	3
Umferð á sjó .....	4
Viðburðir og fræðsla.....	6
Landvarsla á suðurströnd Breiðafjarðar .....	7
Landvarsla í Flatey .....	8
Ástandsmat innan og utan friðlands .....	9
Landvarsla á norðurströnd Breiðafjarðar .....	11
Framtíð landvörslu við Breiðafjörð.....	16
Suðurströnd Breiðafjarðar.....	17
Flatey .....	18
Norðurströnd Breiðafjarðar .....	20
Lokaorð.....	21
Heimildir .....	22

## Inngangur

Árið 2019 var í fyrsta sinn viðhöfð landvarsla við verndarsvæðið Breiðafjörð. Því verkefni var m.a. ætlað að mæta nokkrum skorti á yfirsýn yfir þarfir svæðisins út frá landvörslu, einkum m.t.t. ferðahegðunar gesta við Breiðafjörð. Verkefnið var unnið samkvæmt áherslum Breiðafjarðarnefndar en landvarslan sjálf var útfærð af Umhverfisstofnun. Einn landvörður var við störf á verndarsvæðinu í tíu vikur og var honum falið að kanna verndarsvæðið með tilliti til álags af gestakomum, skoða fjörur innan svæðisins og afla sér upplýsinga eftir atvikum. Þar sem landvörður var við störf utan háannatíma ferðaþjónustu á Íslandi nýttist vinnan ekki sem skyldi en áfangastaðir, ferðatíðni og fyrirbyggjandi gögn voru greind og sett fram í skýrslu sem Umhverfisstofnun gaf út í mars 2020.<sup>1</sup> Í skýrslunni voru dregnir fram þeir blettir á verndarsvæðinu og í nálægð við það þar sem gestir hafa áningu og niðurstaða vinnunnar var sú að full ástæða væri til að halda landvörslu við verndarsvæði Breiðafjarðar áfram.

Vorið 2020 úthlutaði umhverfis- og auðlindaráðuneytið aftur fjármagni er nægði til sextán vikna landvörslu við fjörðinn. Sami háttur var hafður á samstarfi Breiðafjarðarnefndar og Umhverfisstofnunar og hófst vinnan á samræðu þessara aðila í júníbyrjun sama ár. Sveitarfélögum á verndarsvæðinu var tilkynnt um að landvarsla væri fyrirhuguð og í framhaldinu voru þrjú landverðir ráðnir til starfa, mislengi eftir þörfum hvers svæðis fyrir sig.

- Landvörður I var við störf í Flatey í átta vikur: frá 29. júní – 23. ágúst
- Landvörður II var við störf á suðurströnd Breiðafjarðar í sex vikur: frá 6. júlí – 16. ágúst
- Landvörður III var við störf á norðurströnd Breiðafjarðar í tvær vikur: frá 13. júlí – 26. júlí.

Landverðir sinntu hefðbundnum skyldum eftir því sem við átti auk þess að vinna að stefnumótun vegna framtíðarlandvörslu en við skipulagningu starfanna var lögð rík áhersla á að landverðir öfluðu sér upplýsinga og kæmu með tillögur að úrbótum, einkum með það fyrir augum að svara þeim spurningum sem ósvarað var eftir landvörsluna árið á undan. Þeir héldu allir dagbækur yfir störf sín og landverðir í Flatey og á Snæfellsnesi rituðu auk þess stuttar skýrslur við lok ráðningartíma. Þar sem landvörður á norðurströnd fjarðarins var einungis við störf í tvær vikur þótti tíma hans betur varið í annað en skýrsluskrif en helstu atriði úr dagbók má finna í kafla um landvörslu við norðanverðan Breiðafjörð hér á eftir og er því hlutur þess svæðis nokkuð plássfrekari en hinna. Nánar er fjallað um margt það sem fram kemur í þessari samantekt í skilagögnum landvarða sem og í skýrslu Umhverfisstofnunar frá 2020 en skýrslunar nýttast best í samhengi hvor við aðra.<sup>2</sup>

---

<sup>1</sup> Vef. Umhverfisstofnun b. (2020).


<sup>2</sup> Sama heimild.

## Umferð um verndarsvæðið

Áhrifa heimsfaraldurs kórónuveirunnar á ferðatíðni gætti við Breiðafjörð svo sem annars staðar á byggðu og óbyggðu bóli árið 2020. Erlendum ferðamönnum á Íslandi sumarið 2020 fækkaði mjög á milli ára en Íslendingum á ferð um eigið land fjölgaði nokkuð hlutfallslega.<sup>3</sup> Ferðum Breiðafjarðarferjunnar Baldurs var fækkað og var siglt einu sinni á dag flesta daga vikunnar í stað þeirra tveggja daglegu ferða sem vani er í sumarátætlun ferjunnar.<sup>4</sup>

## Umferð á vegum

Vegagerðin viðhefur umferðartalningar á þrem leiðum í nágrenni verndarsvæðisins. Við Snæfellsveg í Kolgrafafirði, við Vestfjarðaveg í Svínadal og við Vestfjarðaveg í Vatnsfirði. Í þeim tölum er hér fara á eftir er það einkum tvennt sem vekur athygli. Hið fyrra er að umferð á Snæfellsnesi (mynd 1) minnkaði hlutfallslega mest á milli ára af þessum þrem stöðum en Dalir (mynd 2) og Vestfirðir (mynd 3) komust nær því að halda sínu umferðarflæði. Í einu tilfelli (umferð um Vestfjarðaveg í Svínadal) jókst umferð í júlímánuði frá fyrra ári.




**MYND 1. SDU<sup>5</sup> Á SNÆFELLSVEGI Í KOLGRAFAFIRÐI Í JÚNÍ-ÁGÚST 2019 OG 2020**  
Heimild: E. Friðleifur Ingi Brynjarsson (2021) og Vef. Vegagerðin (2020).


<sup>3</sup> Vef. Ferðamálastofa a. (2020) og Vef. Ferðamálastofa b.(2020).

<sup>4</sup> Vef. Skessuhorn (2020).

<sup>5</sup> Skammstöfunin SDU stendur fyrir sumardagsumferð, meðalumferð á dag mánuðina júní, júlí, ágúst og september. September er þó undanskilinn hér.



**MYND 2. SDU Á VESTFJARÐAVEGI Í SVÍNADAL Í JÚNÍ - ÁGÚST 2019 OG 2020**  
 Heimild: E. Friðleifur Ingi Brynjarsson (2021) og Vef. Vegagerðin (2020).




**MYND 3 SDU Á VESTFJARÐAVEGI Í VATNSFIRÐI Í JÚNÍ-ÁGÚST, 2019-2020.**  
 Heimild: E. Friðleifur Ingi Brynjarsson (2021) og Vef. Vegagerðin (2020).

## Umferð á sjó


Í tölum yfir farþega ferjunnar Baldurs í júní, júlí og ágúst sést að heildarfarþegum fækkaði talsvert milli ára en gestakomur í Flatey voru á pari við fyrra ár þar sem lítils háttar fækkun varð í júní og ágúst en fjölgun í júlímánuði. Því hækkaði hlutfall þeirra farþega Baldurs sem fóru út í Flatey úr 36% í 58% milli

ára. Aðeins eitt skemmtiferðaskip virðist hafa komið í Flatey árið 2020 og engar skráðar komur voru í aðrar hafnir við fjörðinn.<sup>6</sup>



**MYND 4 FJÖLDI FARÞEGA MEÐ BALDRI Í JÚNÍ-ÁGÚST, 2019-2020.**

Heimild: E. Eimskip (2006).



**MYND 5 FJÖLDI FARÞEGA BALDURS SEM KOMU Í FLATEY Í JÚNÍ-ÁGÚST, 2019-2020.**

Heimild: E. Eimskip (2006).

Ráða má af þessu að Íslendingar hafi í auknum mæli nýtt sumarið til að sækja heim staði eins og Vestfirði og Flatey, sem eru fjær fjölmennustu þéttbýlissvæðunum landsins. Hugsanlega skýringu má

<sup>6</sup> Vef. Ferðamálastofa c. (2020)

e.t.v. finna í því að erfitt var um vik að ferðast til útlanda vegna heimsfaraldursins og þá hafi staðir sem þessir komist næst ferðum á ókunnar slóðir í öðrum löndum. Hvað Flatey varðar er þó vert að minnast á að stór hluti ferðamanna þar eru tryggir gestir sem koma árlega í eyjuna til dvalar í lengri eða styttri tíma. Í tilfelli Snæfellsness er hugsanleg ástæða þess að fækkun varð þar hlutfallslega mest e.t.v. sú að nesið hefur verið vinsælt til dagsferða hjá erlendum ferðamönnum sem dvelja á höfuðborgarsvæðinu en eins og fyrr segir þá fækkaði erlendum ferðamönnum á Íslandi mjög á milli ára.

## Viðburðir og fræðsla

Landverðir við Breiðafjörð sátu tvo rafræna stöðufundi á tímabilinu með fulltrúum frá Breiðafjarðarnefnd og Umhverfisstofnun, 20. júlí og 5. ágúst.

Þann 7. júlí bauð Breiðafjarðarnefnd þeim landvörðum sem þá voru komnir til starfa í siglingu um Breiðafjörð ásamt fleiri gestum. Siglt var í Bjarneyjar og Drápssker og hluti hópsins skoðaði einnig Súgandisey við Stykkishólm.

Fræðsla á suðurströnd Breiðafjarðar: Ráðgert var að hafa fræðslugöngu um nýtingu sjávargróðurs á Snæfellsnesi en ekki varð af og hugmyndin bíður því betri tíma. Landvörður hitti ferðafólk á fjölförnum stöðum s.s. við Kirkjufellsfoss og í Súgandisey en innan verndarsvæðisins sjálfs (fjörunnar) er ekki hægt að ganga að hópum ferðamanna vísum nema í undantekningatilfellum (t.d. Súgandisey) þó annað gildi um næsta nágrenni (t.d. Kirkjufell, Kirkjufellsfoss, þorpin).

Fræðsla í Flatey: Engin skipulögð eða auglýst fræðsludagskrá var í Flatey en landvörður var ávallt á bryggju þegar ferjan kom að landi, hitti gesti, fræddi og svaraði spurningum eftir þörfum. Oft var erilsamt á bryggjunni þegar gestir voru að finna til farangur sinn en landvörður hitti gesti líka á tjaldstæðinu og á förnum vegi. Stór hluti gesta í Flatey eru hálfgerðir heimamenn sem þekkja vel til í eyjunni og sökum þess að erlendir ferðamenn voru fáir var upplýsingaþörfin að líkindum minni en í venjulegu ári. Landvörður í Flatey fór með gesti í göngur um eyju og hús samkvæmt beiðnum.

Fræðsla á norðurströnd Breiðafjarðar: Í júlí stóð landvörður fyrir fræðslugöngu við Reiðskörð og Ruddys á Barðaströnd ásamt Elvu Björgu Einarsdóttur frá Seftjörn en hún er fjölfróð um svæðið og er m.a. höfundur vinsællar göngubókar um Barðastrandarhrepp. Gangan var auglýst á samfélagsmiðlum og var þátttakendum bent á að taka sundföt með svo gestir gætu farið í sjóbað að lokinni göngu. 21 mætti í göngu og tókst vel í sæmilegu veði.



**MYND 6: FRÁ FRÆDSLUGÖNGU Á BARÐASTRÖND Í JÚLÍ. MYND: UMHVERFISSTOFNUN.**

## Landvarsla á suðurströnd Breiðafjarðar

Landvörður var við störf á suðurströnd verndarsvæðisins, sunnan Klofnings, í sex vikur á tímabilinu 6. júlí – 16. ágúst. Viðkomandi er búsettur á svæðinu og þurfti því ekki húsnæði en hann hafði bifreið til umráða. Bifreiðin reyndist landverði ekki nógu vel þar sem malbiki og góðum malarvegum sleppti og huga ætti að því ef framhald verður á landvörslu á svæðinu. Hefðbundin landvarðaverkefni á verndarsvæðinu voru ekki mörg af nokkrum ástæðum: færri gestir sóttu svæðið heim en í venjulegu ári, verndarsvæðið sjálft er lítið þó það sé víðfemt og álagið dreifist því eftir langri strandlengju og sjáanlegt álag af umferð manna er mest utan marka svæðisins, þ.e. fjaranna sjálfra.

Landvörður nýtti fjölsóttu staði á Snæfellsnesi s.s. Súgandisey og nágrenni Kirkjufells til samskipta við gesti og sinnti ruslatíngi ásamt því að ganga fjörur og kanna aðgengi að þeim og umgengni og greina út frá því sérstaklega nokkra staði þar sem ástæða er til að viðhafa einhvers konar eftirlit í framtíðinni. Landvörður vann líka að því að greina hvernig gestir í Súgandisey hreyfa sig um eyjuna með talningum. Hann skoðaði álagspunkta og ályktaði út frá því um betri stýringu á umferð en Súgandisey er að líkindum sá blettur við strandlengju Breiðafjarðar sem hve flestir sækja heim.<sup>7</sup>

---

<sup>7</sup> Greining landvarðar á ferðahegðun í Súgandisey og skýrsla eru meðal fylgiskjala þessarar samantektar.





**MYND 7: ÚTSÝNI ÚR SÚGANDISEY VIÐ STYKKISHÓLM. MYND: UMHVERFISSTOFNUN.**

Landvörður ræddi við heimafólk og hitti sveitarstjórnarfólk í bæði Dalabyggð og Stykkishólmsbæ og fundaði með formanni Breiðafjarðarnefndar og framkvæmdastjóra Svæðisgarðsins Snæfellsness. Hann skoðaði Flatey með landverði þar og var í samskiptum við landverði Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.

Mat landvarðar er að ástand í fjörum við sunnanverðan Breiðafjörð sé almennt gott fyrir utan nokkra bletti þar sem álag er sýnilegt. Enn fremur að á sumum stöðum séu merki um akstur utan vega þar sem gestir vilja komast að verndarsvæðinu, fjörunni sjálfri. Í lokaskýrslu landvarðar kemur fram að áframhaldandi landvarsla sé nauðsynleg á svæðinu, annað hvort með svipuðu fyrirkomulagi og haft var samarið 2020 eða að kannað verði hvort tækifæri til samlegðar séu til staðar. Nánar er fjallað um það í kafla um framtíð landvörslu við Breiðafjörð síðar í samantektinni.

## Landvarsla í Flatey

Landvörður í Flatey var við störf á tímabilinu 29.06-21.08 eða í 8 vikur alls. Fyrstu sjö vikurnar var hann í eyjunni en síðustu dagana vann hann á starfsstöð Umhverfisstofnunar á Patreksfirði og tók saman gögn. Í Flatey dvaldi hann í húsnæði sem leigt var af Hótel Flatey og hann nýtti ferjuna til ferða í og úr fríum. Við undirbúning landvörslunnar í Flatey gleymdist að upplýsa ábúendur í eyjunni um að landvarsla stæði til og er það miður. Landvörður sá um að kynna sig sjálfur og voru samskipti við heimafólk með ágætasta móti.

Breyting varð á sumarátætlun Baldurs vegna heimsfaraldursins og landvörður hagaði vinnutíma sínum þannig að hentaði m.t.t. áætlunar ferjunnar til að geta verið til staðar á bryggjunni þegar hún lagði að.<sup>8</sup>

<sup>8</sup> Ferðum Baldurs var fækkað í eina daglega en í júlí voru þó tvær ferðir á föstudögum og sunnudögum.

Komur í Flatey sumarið 2020 voru sambærilegar við tölur ársins á undan þrátt fyrir ferðatakmarkanir af völdum covid 19. Þetta skýrist að stórum hluta af því að húsin í Flatey eru nýtt sem frístundahús af Íslendingum sem koma árlega í eyjuna og dvelja þar um tíma. Fyrir landvörð þýddi þetta að gestir í Flatey sumarið 2020 voru að stærstum hluta fólk sem þekkir eyjuna vel og er hálfgerð heimafólk en minna var um erlenda ferðamenn og þá sem ókunnugir eru eyjunni. Sem dæmi um þetta var tjaldsvæðið opnað óvenju seint eða 1. júlí og var lítið notað en landvörður taldi einungis 25 tjöld þær vikur sem hann dvaldi í Flatey og tjölduðu flestir til einnar nætur. Sem fyrr segir var farþegum skemmtiferðaskipa ekki til að dreifa sumarið 2020.

Dagleg fræðsla fólst í því að vera til taks á bryggjunni í Flatey þegar Baldur kom að landi og taka á móti gestum. Landvörður leiddi nokkrar göngur um friðlandið á opnunartíma þess og veitti gestum upplýsingar um sögu, þjónustu og innviði í eyjunni eftir þörfum ásamt því að fylgja gestum í kirkju og bókhöðu skv. beiðnum. Engir skipulegir viðburðir voru haldnir en verði áframhald á landvörslu í Flatey er þó fullt tilefni til að koma á skipulegri fræðsludagskrá í eyjunni þegar ferðatakörkunum léttir.



**MYND 8: FLATEY. MYND: UMHVERFISSTOFNUN.**

## Ástandsmat innan og utan friðlands

Ástandsmatsverkfæri Umhverfisstofnunar var nýtt til að ástandsmeta Flatey, innan og utan friðlands annað árið í röð. Verkfærið var þróað í þeim tilgangi að meta ástand áfangastaða innan friðlýstra svæða sem eru undir álagi vegna gestakoma. Sú skilgreining á einungis við um Flatey utan friðlands þar eð friðlandið er lokað fyrir umferð á varptíma og hefur lokunartíminn verið virtur að mestu leyti. Samkvæmt flokkun Umhverfisstofnunar eru staðir með heildareinkunn undir 5 rauðir, þeir eru í verulegri hættu á að tapa verndargildi sínu og þar þarf að grípa til tafarlausra umbótaáðgerða. Áfangastaðir með einkunn á bilinu 5-6 flokkast sem appelsínugulir og eru í hugsanlegri hættu, þar þurfa aðgerðir að miða að því að afstýra hættunni. Áfangastaðir með heildareinkunn yfir 8 teljast standa vel þó mögulega séu úrbótataækifæri til staðar. Innan friðlandsins dansar einkunn rétt undir því viðmiði en

utan friðlands er einkunn vel yfir þeim mörkum. Einkunn beggja svæða er miðuð út frá því að árlega verði átta vikna landvarsla í Flatey og mun því að líkindum lækka ef landvörslu verður ekki fram haldið á komandi árum.

<b>Flatey - friðland</b>	<b>Einkunn 2019</b>	<b>Einkunn 2020</b>
Skipulag áfangastaðar	5,83	7,04
Innviðir áfangastaðar	6,00	6,00
Verðmæti áfangastaðar	9,62	8,67
<b>Heildareinkunn áfangastaðar</b>	<b>7,85</b>	<b>7,60</b>

### **Breytingar milli ára**

Einu breytingarnar sem urðu í friðlandinu í Flatey milli ára voru þær að tímabundin landvarsla var í eyjunni í átta vikur sumars árið 2020. Ástæða breytinga í einkunn, bæði einstakra flokka og heildareinkunnar er breyting á matsþáttum en ástandsmatsverkfærið er enn í þróun.

### **Úrbætur**

Árið 2021 mun vinnu við endurskoðun friðlýsingarskilmála fyrir Flatey að vonum ljúka. Ef sú tillaga sem auglýst var gengur eftir munu mörk friðlandsins breytast þannig að það mun ná yfir stærra svæði og lokunartími friðlandsins stytur. Í framhaldinu hefst vinna að nýju við stjórnunar- og verndaráætlun en áætlun hefur verið skrifuð þó auðsýnt sé að hún muni taka einhverjum breytingum á kynningartíma. Skipta þarf út eldri skiltum sem merkt eru Náttúruvernd Ríkisins fyrir ný og er það á áætlun Umhverfisstofnunar. Skiltin er bæði að finna innan og utan friðlands. Setja þarf upp stórt skilti við höfnina með heildarupplýsingum um Flatey, þ.m.t. friðlandið, skipta þarf út aðkomuskiltum þegar lokunartími breytist. Huga þarf að því hvort tilefni er til að skoða staðsetningu skilta innan friðlands í þeim tilgangi að „búa til“ útsýnisstaði. Nauðsynlegt er að lagfæra kindatroðning á nokkrum blettum, hugsanlega nægir að bera í verstu sárin en þau verða hál og erfið yfirferðar í bleytu, á nokkrum stöðum gætu einföld steinþrep orðið til mikilla bóta. Mest er þörfin á kaflanum frá (nýjum) friðlandsmörkum til móts við kirkjuna að Mjósundum. Tryggja þarf áframhaldandi landvörslu.

<b>Flatey – utan friðlands</b>	<b>Einkunn 2019</b>	<b>Einkunn 2020</b>
Skipulag áfangastaðar	8,10	8,33
Innviðir áfangastaðar	7,33	8,67
Verðmæti áfangastaðar	9,62	9,33
<b>Heildareinkunn áfangastaðar</b>	<b>8,68</b>	<b>8,94</b>

## Breytingar á milli ára

Einu breytingarnar sem urðu utan friðlands í Flatey milli ára voru þær að tímabundin landvarsla var í eyjunni í átta vikur sumars árið 2020. Ástæða breytinga í einkunn, bæði einstakra flokka og heildareinkunnar er breyting á matsþáttum en ástandsmatsverkfærið er enn í þróun.

## Úrbætur

Endurnýja þarf öll skilti sem merkt eru Náttúruvernd Ríkisins, það er á áætlun Umhverfisstofnunar árið 2021. Setja þarf upp stórt skilti við höfnina með heildarupplýsingum um Flatey s.s. gönguleiðir, þjónusta og reglur. Hugsanlega mætti miðla upplýsingum um minjar betur á skiltum og gera kort yfir minjar og menningarlandslag í Flatey sem gefið var út árið 2020 aðgengilegt almennum gestum í Flatey. Tryggja þarf áframhaldandi landvörslu.



MYND 9: ÞORPIÐ Í FLATEY. MYND: UMHVERFISSTOFNUN.

## Landvarsla á norðurströnd Breiðafjarðar

Landvörður var við störf á norðurströnd Breiðafjarðar norðan Klofnings í tvær vikur á tímabilinu 13. júlí – 24. júlí 2021 og hafði aðsetur í landvarðahúsi Umhverfisstofnunar í Vatnsfirði annars vegar og á farfuglaheimili í Reykhólahreppi hins vegar. Landvörður hafði bifreið til umráða. Á starfstímanum var áherslan á það að ræða við heimafólk á svæðinu og þá sem eru staðkunnugir ströndinni. Landvörður spurði m.a. um áningarstaði ferðafólks við fjörðinn og falaðist eftir hugmyndum heimafólks um úrbótaatriði er varða upplýsingagjöf og mögulega segla, m.a. hvert best væri að beina ferðafólki sem vill njóta útivistar og nándar við fjöruna og hvert ekki. Í samræðum landvarðar við heimafólk komu líka fram ýmsir punktar sem ekki heyra með beinum hætti undir verndarsvæði fjarðarins en eru sannarlega á áhrifasvæði þess og verða þau atriði týnd til í samantekt úr dagbókarfærslum hér að neðan eftir því sem við á. Landvörður á norðurströnd Breiðafjarðar kannaði einnig fjörur og áningarstaði á svæðinu

sjálfur, allt frá Siglunesi á Barðaströnd að Klofningi í Dalabyggð, þ.m.t. slóða sem leiða að fjöru. Í skýrslu Umhverfisstofnunar um landvörslu við Breiðafjörð 2019 er einnig fjallað um mörg þessara svæða.<sup>9</sup> Meðal þess sem kom fram í vettvangsferðum landvarðar og viðtölum við heimafólk er eftirfarandi, skipt eftir sveitarfélögum:

#### **Dalabyggð:**

- Skarðsströnd – svæðið er ekki fjölsótt af ferðamönnum og vegurinn liggur að mestu fjarri ströndinni en á nokkrum stöðum er hægt að komast á slóðum að fjörunni. Heimafólk í Fagradal nýtir eyjar undan landi til hvannarþeitar fyrir lömb og týnir söl til þurrkunnar. Ferðafólk sækir nokkuð í höfnina á Skarðsstöð. Á Nýp er rekið gistiheimili og samkvæmt staðarhöldurum leita gestir þess í kyrrð og ró svæðisins auk gönguferða um svæðið en staðarhaldarar búa til gönguleið að fjöru sumar hvert með því að slá hana í gegnum túnið fyrir neðan Nýp. Vel mætti huga að því að koma upp merktri gönguleið niður að fjöru og um fjöruna. Skilti sem vísar á Tinda er máð og ólæsilegt, þar er gömul náma og bryggjurústir.
- Skarðsstöð – höfn og nokkrir bátar. Þrýðilegt salernishús sem var læst þegar landvörður kom þar að og kom því ekki að gagni. Þar varð landvörður var við skotæfingar sem er ekki gott í grennd við fuglavarþ.
- Klofningur – Stika mætti leiðina að útsýnisskífu á Klofningi og merkja hana en til stendur að hanna þar náttúrustíg með styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða og má vera að undirbúningi sé lokið.<sup>10</sup> Fallegt útsýni yfir Langanes, Dagverðarnes og eyjar í Breiðafirði (sjá mynd 10).



**MYND 10: ÚTSÝNI FRÁ KLOFNINGI. MYND: UMHVERFISSTOFNUN.**

<sup>9</sup> Vef. Umhverfisstofnun b. (2020).

<sup>10</sup> Vef. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða. (2019).

**Reykhólahreppur:** Í samtölum við heimafólk kom fram að helsta aðráttarafl sveitarfélagsins eru fallegar fjörur og útsýni yfir eyjar og skerjagarða. Strandlengjan er mjög strjálbýl og víða ósnortin. Margar leyndar náttúruperlur er þar að finna og hugsanlega ástæða til að skoða útgáfu göngukorts til að draga fram möguleika svæðisins og gera fólki auðveldara að nýta sér það til útivistar. Heimafólk gerði skort á afþreyingu að umtalsefni í samtölum við landvörð og nefndi þar sérstaklega skipulagðar göngur og kajakferðir. Skortur er á útskotum, áningarstöðum og salernum fyrir ferðafólk innan sveitarfélagsins. Merkingar við þá áningarstaði sem til staðar eru mætti lagfæra þar sem ferðafólk er oft komið framhjá staðnum þegar það áttar sig á tilvist hans. Í Reykhólahreppi hefur það færst í vöxt að nýir landeigendur hindri aðgang gesta að landareignum sínum. Góð aðstaða er til fuglaskoðunar á Reykhólum en setja þyrfti upp skilti við Reykhólaveg á varptíma þar sem talsvert er um dauðan fugl á veginum. Bæði býli og eyðibýli eru vel merkt í sveitarfélaginu. Oft eru góðir fuglaskoðunarstaðir við brýr sem þvera firðina og þar mætti gjarnan koma upp aðstöðu til áninga.

- Króksfjarðarnes – brýnt er að sett verði upp stórt og gott upplýsingaskilti frá Vegagerðinni um Vestfirði þar sem nesið er hið eiginlega hlið að Vestfjörðum þegar komið er frá Vesturlandi, nú er fyrsta upplýsingaskiltið full innarlega eða við Bjarkarlund. Ekki er óalgengt að þeir sem ætla þröskulda og þekki svæðið ekki fari of langt og þurfa þá að snúa við. Ferðafólk ekur upp hjá gömlu réttinni fyrir neðan Króksfjarðarmúla, þar er gamall slóði handan vegar og útsýni yfir Gilsfjörð fagurt. Þar væri upplagt að koma fyrir litlu áningarsvæði og -borði. Ferðafólk ekur líka út á nesið sjálft en þar er gamall slóði sem er jeppafær. Fagurt útsýni yfir eyjar og sker við fjarðarmynni Gilsfjarðar.
- Borgarland – Bjartmarssteinn er náttúruperla sem mælt er með að fólk skoði. Gönguleiðin er ekki greinileg og spurning hvort hana ætti að stika.
- Reykhólar – góð fuglaskoðunarsvæði. Gönguleiðir sem liggja m.a. að sjóðandi hverum, að Lómatjörn og Langavatni þar sem finna má fuglaskoðunarhús. Ferðafólk gengur einnig niður að sjónvarpsmastri sem er skammt frá fjöru en þangað er líka hægt að keyra.
- Árbær/Staður- Ferðafólk tjaldaði um tíma í æðarvarpi en bændur settu upp skilti sem bar þann árangur að ágangurinn hætti og umferð um svæðið minnkaði í kjölfarið. Frá Árbæ er grásleppuveiði og einhverjir stunda þangslátt.
- Laugaland – falleg göngu- og reiðleið meðfram fjöru með útsýni yfir Þorskafjörð og Teigskóg.
- Teigskógur – fallegar gönguleiðir í fjöru þar sem hvergi sést til mannvirkja svo sem háspennulína eða slíks.
- Hallsteinanes – þangað liggur einbreiður vegur og að hluta um skriður sem talsvert hefur fallið úr, hann er ekki fyrir lofthædda. Hliði sem liggur að fjöru hefur verið læst en þangað er hægt að ganga og fagurt útsýni yfir í Grónes.

- Djúpifjörður – ferðafólk stoppar gjarnan á brú yfir ána í botni fjarðarins til að virða fyrir sér heita fossinn sem er þar skammt frá. Einnig stöðvar fólk gjarnan bifreiðar sínar efst á Hjallahálsi í kröppustu beygjuni þar sem útsýni yfir Djúpafjörð er gott. Vegöxlin þar er nokkuð breið en hugsanlega væri góð hugmynd að koma þar fyrir áningarstæði.<sup>11</sup>
- Grónes – falleg gönguleið, á kortum sýnist vera gamall slóði út á nesið frá bænum Brekku en hann er ekki aðgengilegur frá vegi og líklegt að hann sé ekki keyrður.
- Gufufjörður – snotrar sandfjörur sem gaman er að skoða.
- Kollafjörður – Ferðafólk stoppar talsvert hjá gömlu flugbrautinni við bæinn Eyri þar sem gott aðgengi er að fjöru. Eins við Galtará en þar er upphaf vinsællar gönguleiðar yfir í Gufudal. Langt er á milli almenningsalerna á svæðinu og þarf að bæta úr því með einhverjum hætti.
- Kvíngindisfjörður – í eyði frá árinu 1965 en þar er nokkuð um frístundahús, ágætur malarvegur en langur.
- Vattarnes – fallegur útsýnisstaður yfir Vattarfjörð og Skálmarfjörð, þar mætti koma fyrir áningarstæði ef umferðaröryggisreglur leyfa.
- Litlanes – Ferðamenn nýta bílplan við Litlanes og vill bregða við að þar hafi fólk næturdvöl.
- Svínanes – falleg gönguleið meðfram fjöru í kringum Svínanesfjall en nesið skilur að Kvíngindisfjörð og Skálmarfjörð, gangan tekur tvo daga og hægt að tjalda á leiðinni.
- Skálmarnes – ekki er algengt að ferðamenn leggi leið sína út á Skálmarnes og heimafólk í nágrenninu hvetur ekki til þess þar sem vegurinn er nær einbreiður og engin leið að mætast undir hlíðinni. Það kemur fyrir að fólk festi bíla sína þar á veturnum en vegurinn er ekki þjónustaður. Skálmarnes er allt í eyði en bæjarhúsin eru nýtt sem sumarhús og æðarvarp er nytjað að einhverju leyti. Frá Skálmarnesi sjálfu og Múlakirkju liggur nokkuð langur slóði að fjöru og ætti að beina ferðafólki frá þessum slóðum.

**Vesturbyggð:** í samtölum við heimafólk kom fram að helsta aðráttarafl fyrir ferðamenn á svæðinu séu fagarar gular sandfjörur og falleg haf- og fjörusýn sem ferðafólk sækir mikið í en skortur á innviðum og uppbyggingu er nokkur. Nýta mæti afþreyingarmöguleika mun betur og tekin eru dæmi um kajakferðir og þjónustu við hestafólk. Beina mætti ferðamönnum markvisst á ákveðna staði. Menning og menningarstarfsemi ýmiskonar gæti orðið lyftistöng fyrir byggðarlagið. Skilti við býli og eyðibýli vantar víða. Uppi eru áform um stofnun þjóðgarðs á sunnanverðum Vestfjörðum og eru mörk hans að sjó frá Hörgsnesi að Sauðanesi.<sup>12</sup> Í tengslum við umræðu um þjóðgarð á Vestfjörðum og verndarsvæði Breiðafjarðar hefur Elva Björg Einarsdóttir, sem vinnur nú að doktorsrannsókn sinni um tengsl manns

<sup>11</sup> Þó er gert ráð fyrir að gert verði ráð fyrir útsýnisstöðum við komandi framkvæmdir og vegagerð í Gufudalssveit.

<sup>12</sup> Vef. Umhverfisstofnun a. (2020).

og náttúru í Vestur-Barðastrandarsýslu, sett fram grófa hugmynd að fjörusetri á Barðaströnd.<sup>13</sup> Fjörusetrið myndi þjóna þeim tilgangi að auka vægi og undirstrika gildi fjörunnar og lífsins sem þar þrífst. Hugmyndin er ómótuð á þessu stigi en Elva setur fram tillögur er varða aðgengi, fræðslu og afþreyingu fyrir gesti og heimafólk við Breiðafjörð. Barðaströnd er tilvalin fyrir slíkt setur, einkum vegna þess að þar er einkennandi löng og samfelld ljós sandfjara þar sem aðgengi er gott og fjölmargar staðsetningar sem komið gætu til greina.<sup>14</sup>

- Auðshaugur/Auðnar – Vegslóði innan jarðarinnar Auðshaugs liggur að gamalli sandnámu hvaðan útsýni er fallett og gott að taka myndir, aðgengi frá vegspottanum að fjöru er auðvelt. Bændur á Auðshaug hafa lokað veginum fyrir umferð með grjóti þar sem það vildi brenna við að fólk festi þar bíla sína.
- Vatnsfjörður/Brjánslækur – skortur er á almenningssalernum á svæðinu en forðum voru kamrar í friðlandinu og þeirri hugmynd hefur verið velt upp hvort Vegagerðin væri viljug til að koma fyrir kömrum við áningarsvæði sín. Við Flókatóftir stóð til að setja upp almenningssalerni fyrir nokkrum árum en það var blásið af þrátt fyrir að styrkur hefði fengist úr Framkvæmdarsjóði ferðamannastaða.<sup>15</sup> Einnig var hafist handa við að deiliskipuleggja svæðið og útbúa í framhaldinu gönguleið frá aðstöðu við höfnina að gamla prestbústaðnum á Brjánslæk þar sem finna má m.a. sýningu Umhverfisstofnunar um Surtarbrandsgil en vinnu við skipulagið var ekki fram haldið.<sup>16</sup>
- Seftjörn – í landi Seftjarnar er dálítið útskot við þjóðveg við fallega fjöru sem ferðafólk notar sem myndastopp. Þar er hægt að klöngrast ofan í fjöru en enginn stígur er til staðar.
- Fjara við Sauðanes – ferðafólk sækir mikið í fjöruna en skortur er á áningu fyrir bíla. Fjaran er mjög myndvæn þar sem stórir grjóthnullungar stinga sér upp úr sandinum á víð og dreif og þegar fjarar út speglast umhverfið fallega í blautum sandinum.
- Fjara við Rauðsdal – verið er að byggja upp tjaldstæði og salernisaðstöðu við fjöruna sem áætlað er að opni sumarið 2021 og er húsið komið upp. Fjaran hefur verið vinsæll áningarstaður og þar má oft sjá margar bifreiðar sem lagt er á flötinni við slóðann, sérstaklega rétt eftir að ferjan Baldur hefur komið að landi. Fjaran er falleg og Reiðskörð eru merkileg bæði í jarðfræðilegu sem og sögulegu tilliti en þarna mun hafa verið aftökustaður. Óvíst er hvaða áhrif uppbyggingin hefur á aðgengi ferðamanna að fjörunni.
- Laugarnes og Hagavaðall – ferðafólk stoppar gjarnan við sundlaugina á Laugarnesi, bæði til að nýta sér laugina en einnig til fuglaskoðunar. Þar væri tilvalið að setja upp fuglaskilti, krían er

<sup>13</sup> E. Elva Björg Einarsdóttir (2020).

<sup>14</sup> Nánari útlitun á hugmynd Elvu um fjörusetur á Barðaströnd er meðal fylgigagna þessarar skýrslu.


<sup>15</sup> Vef. Framkvæmdarsjóður ferðamannastaða. (2016).

<sup>16</sup> Vef. Vesturbyggð. (2015).



einna mest áberandi við laugina og þar má heyra lóminn syngja á kvöldin. Einnig væri hugmynd að setja þar upp svokallað fjallaræmuskilti þar sem útlínur fjallanna á Snæfellsnesi sjást og nöfn tindanna koma fram enda er útsýni úr Hagavaðli yfir Breiðafjörðinn á Snæfellsnes fallett þegar skyggni er gott. Að sögn heimamanna sýna ferðamenn talsverðan áhuga á sögu svæðisins og gjarnan mætti koma upp söguskiltum á þessum slóðum. Við Hagavaðal mun í fyrndinni hafa verið kaupskipahöfn og frá vaðlinum liggja fornar alfaraleiðir yfir fjöllin, ofan í firðina handan þeirra.

- Fjörur neðan Litlu Hlíðar og Miðhlíðar – af þjóðvegi liggja gamlir slóðar sem leiða ferðafólk að fjörunni og í hana er mikið sótt, m.a. til sjóbaða á góðviðrisdögum.
- Haukabergsvaðall – þar er gömul flugbraut og neðar stór gul sandfjara, að brautinni liggur gamall slóði. Svæðið hefur eitthvað verið nýtt af þeim sem stunda mótorkross íþróttir en talsvert er um hjólför á svæðinu. Fjaran er nýtt af ferðamönnum sem stoppa til að njóta nálægðar við sjóinn.



MYND 11. KVÖLDSÝN FRÁ HJARÐARNESI. MYND: UMHVERFISSTOFNUN.

## Framtíð landvörslu við Breiðafjörð

Breiðafjarðarnefnd hefur lengi bent á nauðsyn þess að mörk verndarsvæðisins við Breiðafjörð á landi verði skilgreind með nákvæmari hætti.<sup>17</sup> Landverðir við Breiðafjörð árin 2019 og 2020 hafa einnig gert þetta að umtalsefni í störfum sínum og bent á að verndarsvæðið sjálft á landi sé lítið en víðfemt og álags af völdum ferðamanna við tiltekna staði verði helst vart utan við hið eiginlega verndarsvæði sem

<sup>17</sup> Sjá t.d. Vef. Breiðafjarðarnefnd (2021).

er fjaran. Á þessu eru örfáar undantekningar svo sem í Súgandisey við Stykkishólm og í fjörum þar sem akstur utan vega er algengur en ef framhald verður á landvörslu við Breiðafjörð þá er mikilvægt að skilgreina með skýrari hætti hvert starfssvæði landvarða á landi er m.t.t. áhrifasvæða fjarðarins og er þá einkum vísað til aðkomuleiða ferðamanna að fjörunni.

Sumarið 2020 var svæðinu skipt í þrennt þar sem einn landvörður starfaði í Flatey, einn á Snæfellsnesi að Klofningi og einn í Barðastrandarsýslum að Klofningi. Störfin voru ólík þar sem landvörður í Flatey hafði skýrastan ramma enda er eyjan öll friðlýst. Við landvörslu í Barðastrandarsýslum var áhersla lögð á samræðu við heimafólk og vettvangsferðir enda var starfstíminn stuttur. Á Snæfellsnesi er umferð ferðafólks teljanlega mest af þessum svæðum og þar var áhersla lögð á að greina álag og viðhafa eftirlit eftir þörfum.

Fyrirkomulag landvörslu sumarið 2020 reyndist ágætlega og það er mat þeirra sem að verkefninu komu að fullt tilefni sé til að halda landvörslu við fjörðinn áfram. Samgöngubætur í nágrenni fjarðarins munu auka umferð eftir strandlengju hans norðanverðri á komandi árum og blikur eru á lofti um sterkan vilja samfélaganna við fjörðinn að vinna að ferðamálum og efla markaðssetningu svæðisins. Svo sem í fyrri skýrslu Umhverfisstofnunar um landvörslu við Breiðafjörð<sup>18</sup> er enn bent á að möguleg samlegðaráhrif landvörslu geti verið fyrir hendi svo sem við segla sem eru ekki friðlýstir og þar sem landvarsla hefur ekki verið viðhöfð (t.d. Kirkjufellsfoss, Reykhólar) eða á friðlýstum svæðum í nágrenninu (Ströndin við Stapa og Hellna, Búðarhraun, Vatnsfjörður). Mestu máli skiptir að landverðir nái til gesta þar sem hægt er að ganga að þeim vísnum og fræði og upplýsi um náttúru, sögu og menningu Breiðafjarðar auk þess að sjá um daglegan rekstur, viðhald og gæta þess að ákvæði laga, verndaráætla og annara stjórnvaldsfyrirmæla séu virt.

Hér fara á eftir nokkrir punktar er varða landvörslu svæðanna, hugmyndir og í einhverjum tilfellum: tillögur að föstum verkefnum landvarða.

## Suðurströnd Breiðafjarðar

Skoða mætti leiðir að fyrirkomulagi framtíðarlandvörslu á verndarsvæði Breiðafjarðar á Snæfellsnesi m.a. út frá því hvort samlegðaráhrif séu með landvörslu á friðlýstum svæðum í umsjón Umhverfisstofnunar í nágrenninu eða í þjóðgarðinum Snæfellsjökli þannig að eftirliti með fjörum Breiðafjarðar yrði reglulega sinnt samhliða öðrum svæðum. Ef sú leið yrði farin er ekki átt við að Breiðafirði yrði bætt við verkefni landvarða á öðrum svæðum heldur að til kæmi viðbót í úthlutuðum landvarðavikum.

---

<sup>18</sup> Vef. Umhverfisstofnun b (2020).

Þörf á landvörslu frá sjó innan marka verndarsvæðisins við Snæfellsnes hefur ekki verið skoðuð en hugsanlega er tilefni til þess að landvörður er hafi réttindi á bátum verði fenginn til starfa og geti þá sinnt eftirliti í Breiðafjarðareyjum skammt undan landi auk þess að sinna strandlengjunni. Hér er einkum átt við eftirlit með starfsemi ferðaþjónustufyrirtækja og landtökum kajakræðara í eyjum út frá fuglavernd. Tryggja þyrfti aðgengi landvarðar að farartæki og ganga úr skugga um að viðkomandi væri vel kunnugur siglingum á þessum slóðum. Meira er um umferð í og nálægt eyjum undan landi við Snæfellsnes en annars staðar við Breiðafjörð en óvíst er hvort þörfin er til staðar.

Kanna mætti möguleika á samstarfi við sveitarfélög á svæðinu ef vilji er til þess að viðhafa landvörslu við fjölsótt svæði svo sem Kirkjufell og Kirkjufellsfoss. Þar er auðvelt aðgengi að ferðamönnum og landvörður gæti haft þar daglega viðveru auk þess að sinna fjörum í nágrenninu og reglubundnum eftirlitsferðunum og vettvangsskoðunum eftir þörfum.

Landvörður sem var við störf sumarið 2020 setur einnig fram þá hugmynd að samlegð er varðar rannsóknir og vöktun samhliða landvörslu geti verið fyrir hendi og nefnir stofnanir svo sem Náttúrufræðistofnun Íslands eða Náttúrustofu Vesturlands.

Auðvelt væri að setja upp fræðsludagskrá og af nógu er að taka sem áhugavert er í fjörum svæðisins. Verði áframhald á landvörslu við Breiðafjörð ætti að leggja áherslu á slíka dagskrá og þá gjarnan í samstarfi við aðra aðila þar sem við á.

## Flatey

Í ljósi þess að Flatey er lítið landsvæði fer minni tími landvarða í hefðbundin verkefni svo sem eftirlitsferðir o.þ.h. Tækifæri til fræðslu og upplýsingagjafar, viðburða af ýmsu tagi og viðhaldsverkefna eru þeim mun fleiri. Landvörður í Flatey þarf að vera skipulagður, útsjónarsamur og verklaginn enda er langt í bjargir. Þeirri spurningu var velt upp sumarið 2020 hvort miða ætti vinnutíma landvarðar í Flatey við varptíma fugla (viðkvæmni svæðis) eða háönn í ferðaþjónustu (mest þörf á fræðslu). Fátt bendir til annars en að fólk hafi almennt virt lokunartíma þess hluta Flateyjar sem fellur undir friðland fugla og því virðist í fljótu bragði sem svo að mikilvægara sé að landvarsla verði viðhöfð þegar flestir sækja eyjuna heim.

### Gestir og fræðsla:

- Á venjulegu sumri kemur Baldur fjörum sinnum á dag í eyjuna. Kl. 10:30 frá Stykkishólmi, kl. 13:00 frá Brjánslæk, kl. 16:30 frá Stykkishólmi og kl. 19:00 frá Brjánslæk. Því verða vinnudagar landvarða annað hvort langir eða að þeir þurfi að skipta dögum sínum upp í tímabil ef dekka á allar ferjukomur. Sé það ekki hægt þá er mikilvægara að stíla inn á að landvörður sé á bryggju þegar Baldur kemur úr Stykkishólmi þar sem fleiri farþegar koma í Flatey af þeim legg.

- Í júlí er algengt að 50-100 manns komi í land í einu. Þá getur verið erfitt fyrir landvörð að ná til þeirra sem þurfa á upplýsingum að halda og færi vel á því að landvörður auðkenni sig með skilti sem notað hefur verið á öðrum friðlýstum svæðum með ágætum árangri (sjá mynd 12). Landvörður geti svo spjallað við ferðafólk eftir þörfum bæði á tjaldstæði og verið til taks í nágrenni hótelsins og/eða bryggjubúðarinnar.
- Þegar Baldur siglir tvisvar á dag er algengt að gestir komi í dagsferðir þ.a. fyrri ferð Baldurs sé nýtt til Flateyjar og síðari ferð frá Brjánslæk til baka. Þessir gestir eyða rúmlega 8 klukkustundum í eyjunni sem á hraðferð er hægt að skoða á rúmum tveimur klukkustundum svo þar gefst svigrúm til dýpri náttúruupplifunar og fræðslu og gætu viðburðir á vegum landvarða komið þar til.
- Algengustu viðkomustaðir ferðamanna eru Flateyjarkirkja, Bókhlaðan og Lundaberg en sumarið 2020 gaf Fornleifastofnun út kort af nokkrum fornleifum í Flatey og sá landvörður um að dreifa kortinu í öll hús í eyjunni. Ef kortið verður prentað í stærra upplagi verður það hugsanlega til þess að glæða áhuga gesta á búsetusögu í eyjunni.
- Í Flatey dvelja mörg börn með foreldrum sínum og auðvelt væri að skipulega viðburði og fræðsludagskrá er miðar að börnum. T.a.m. náttúrubingó, ratleiki o.fl.



**MYND 12: LANDVÖRÐUR MEÐ KLAPPSKILTUM SEM SETJA MÁ UPP HVAR SEM ER MEÐ LÍTILLI FYRIRHÖFN, EINS KONAR FÆRANLEG UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐ SEM GÆTI HENTAÐ VEL Í FLATEY. Á SKILTINU STENDUR "ÉG ER LANDVÖRÐUR, GET ÉG AÐSTOÐAÐ?" Á ÍSLENSKU OG ENSKU. MYND: UMHVERFISSTOFNUN.**

### **Náttúrufar og innviðir:**

- Afla ætti áhlits fuglafræðings á því hvort ástæða er til að verja varpstöðvar í Lundabergi með lágreistri girðingu á brúninni en að sögn heimamanna hefur ágangur manna eytt þar rituvarpi.

Vandamálið leysist þó e.t.v. af sjálfu sér ef áform um stækkun friðlandsins í Flatey ná fram að ganga en Lundaberg mun þá falla innan friðlandsmarka og umferð um það er óheimil á varptíma.

- Hugsanlegt framtíðarverkefni landvarða í Flatey gæti verið að hreinsa kindatað reglulega af göngustígum með hrífu eða kúst en kindur í Flatey nýta sér stígana rétt eins og mannfólkið og skilja þar eftir sig ummerki sem geta verið til ama.
- Stígar utan friðlands í Flatey eru mjög góðir og þola vel það álag sem á þeim er. Kindagötur innan friðlands verða blautar í votveðrum og á leiðinni eru nokkrir staðir þar sem rof er mikið og þar verður forugt. Hugsanlega mætti bera mól í verstu blettina og útbúa náttúruþróppur þar sem hægt er, t.d. hjá skipsflakinu sunnanmegin eyju sem og að gera samfellu í stígin þannig að gestir í friðlandinu fylgi einni leið. Norðanmegin hefur sjórinn tekið hluta af stígnum í Mjósundavík. Skv. samtali landvarðar við stjórnarmann Framfarafélags Flateyjar hefur félagið áhuga á því að koma að stígagerð í friðlandinu en einhver andstaða er til staðar hvað það varðar.
- Skilti sem heyra undir Umhverfisstofnun í Flatey þurfa öll á endurnýjun að halda. Áætlað er að upplituðum fuglaskiltum sem merkt eru Náttúruvernd ríkisins verði skipt út árið 2021 en undirstöður nýttar áfram. Setja ætti upp skilti með banni við drónaflugi.

## Norðurströnd Breiðafjarðar

Helstu viðkomustaðir gesta við verndarsvæðið í Barðastrandarsýslum eru ljósar sandfjörur á Barðaströnd, umhverfi friðlandsins í Vatnsfirði og umhverfi Reykhóla milli Þorskafjarðar og Berufjarðar auk Borgarlands. Landverðir sinna nú þegar tímabundinni árlegri umsjón með friðlandinu Vatnsfirði en landvarsla í nágrenni Reykhóla er nýmæli og þar eru hugsanleg tækifæri til bæði virðisauka fyrir svæðið m.t.t. innviðaupbyggingar og landvörslu á svæðum í nágrenni verndarsvæðisins ef vilji er fyrir hendi. Enn er vert að minnast á að umferð á milli Vesturlands og Vestfjarða mun aukast á komandi árum og færast að stórum hluta frá Djúpvegi á Vestfjarðaveg þegar vegalengdin á milli Reykjavíkur og Ísafjarðar styttist með fyrirsjáanlegum samgöngubótum en framkvæmdir eru þegar hafnar.<sup>19</sup>

Ef fyrirnefnd hugmynd um fjöruetur á Barðaströnd hlýtur á einhverjum tímapunkti brautargengi þá væri tilvalið að landvörður við Breiðafjörð starfaði í tengslum við það en möguleikar til fræðslu, afþreyingar og leiks eru nær ótakmarkaðir ef slíkt setur yrði að veruleika. Setrið gæti þá jafnframt þjónað hlutverki gestastofu fyrir verndarsvæðið Breiðafjörð á þessu svæði.

---

<sup>19</sup> Hér er átt við Dýrarfjarðargöng sem voru tekin í notkun haustið 2020, Dynjandisheiði þar sem framkvæmdir eru yfirstandandi á fyrsta verkhluta og Gufudalssveit þar sem útboð hefur verið auglýst.

## Lokaorð

Landvarsla á verndarsvæði Breiðafjarðar var í annað sinn viðhöfð árið 2020. Árið 2019 nýttist hún ekki sem skyldi sökum þess að landvörður var við störf utan háannatíma ferðaþjónustu á Íslandi. Árið 2020 voru landverðir við störf á þeim árstíma sem flestir eru á ferðalögum en heimsfaraldur kórónaveirunnar hafði áhrif á ferðatíðni og erlendir ferðamenn voru mun færri en árin á undan. Þannig mætti segja að óheppnin hafi elt verkefnið um landvörslu við Breiðafjörð tvö sumur í röð. Hið jákvæða við þetta er þó e.t.v. að landverðir höfðu af þessum völdum meira svigrúm til að ræða við heimafólk og leggja við hlustir hjá þeim sem best þekkja aðstæður á hverjum stað. Þeir könnuðu einnig með beinum hætti staði sem ekki hafa áður verið skoðaðir með augum landvarða og þarfagreindu að einhverju leyti hvað varðar álag af völdum ferðamanna. Landverðir skráðu framvindu vinnu sinnar og því er nú til staðar nokkuð góður grunnur sem nýtist við framtíðarskipulagningu landvörslu við verndarsvæðið.

Vel tókst til með verkefnið en enn eru tækifæri til að útfæra vinnutilhögun nokkuð ef vilji er til þess hjá umhverfisyrkvöldum að halda áfram með landvörslu við Breiðafjörð, sem full ástæða er til.

Mynd á forsíðu er af gestum á kvöldgöngu í Súgandisey við Stykkishólm. Allar myndir í skýrslunni eru í eigu Umhverfisstofnunar.

# Heimildir

## Óprentaðar heimildir

### E. Skjöl í einkavörslu

Eimskip (2006). *Farþegaflutningar Baldur 2004-2020*, excel skjal, búið til 17. október 2006 af Maríu en uppfært síðan.

Elva Björg Einarsdóttir. *Fjörusetur á Barðaströnd*, word skjal, búið til 17. desember 2020.

Friðleifur Ingi Brynjarsson (12. Janúar 2021). *Re: Fyrirspurn um tölur úr teljurum á Snæfellsnesi og Vestfjörðum*. Tölvupóstur til Eddu Kristínar Eiríksdóttur.

### Vef. Vefheimildir

Breiðafjarðarnefnd (2021). *Framtíð Breiðafjarðar. Samantekt og niðurstöður upplýsingaöflunar og samráðs*. Ritstj. Theódóra Matthíasdóttir. Sótt af [http://www.breidafjordur.is/wp-content/uploads/2021/01/20210119\\_framtid\\_Breidafjardar\\_2021.pdf](http://www.breidafjordur.is/wp-content/uploads/2021/01/20210119_framtid_Breidafjardar_2021.pdf)

Ferðamálastofa a (2020). „Ferðaðþjónusta í tölum – sumar 2020“. Sótt af <https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2020/oktober/sumar-2020.pdf>

Ferðamálastofa b (2020). *Mælaborð ferðaðþjónustunnar*. „Greining á erlendum ferðamönnum til Íslands“. Sótt af <https://www.maelaborðferdathjonustunnar.is/is/fartheGAR/keflavikurflugvollur>

Ferðamálastofa c (2020). *Mælaborð ferðaðþjónustunnar*. „Komur skemmtiferðaskipa á Íslandi“. Sótt af <https://www.maelaborðferdathjonustunnar.is/is/fartheGAR/skemmtiferdaskip>

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða (2016). „Framkvæmdasjóður ferðamannastaða“. Sótt af <listi-uthlutun-styrkja-2016-ur-framkvaemdasjodi-ferdamannastada.pdf> (ferdamalastofa.is)

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða (2019). „Framkvæmdasjóður ferðamannastaða FF14-2019 tillaga stjórnar að styrkþegum ásamt rökstuðningi fyrir úthlutun.“ Sótt af <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=2f35e738-507e-11e9-9439-005056bc530c>

Skessuhorn (2020) „Baldur fer eina ferð á dag í sumar“. Sótt af <https://skessuhorn.is/2020/06/02/baldur-fer-eina-ferd-a-dag-i-sumar/>

Umhverfisstofnun a(2020). *Auglýsing um áform*. „Þjóðgarður – kort“. Sótt af <https://ust.is/nattura/fridlysingar/fridlysingar-i-vinnslu/thjodgardur-a-vestfjordum/auglysing-um-aform/>

Umhverfisstofnun b(2020). „Landvarsla við Breiðafjörð 2019“. Sótt af <https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Landvarsla%20vi%3b0%20Brei%3b0afj%3b6r%3b0%202019.pdf>

Vegagerðin (2020) „Tölfræði umferðar“ 9 lykilteljarar á Snæfellsnesi, Vestfjörðum og Austfjörðum. Sótt af [http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/SVA\\_2020/\\$file/SVA\\_2020\\_%C3%A1\\_net%C3%B0.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/SVA_2020/$file/SVA_2020_%C3%A1_net%C3%B0.pdf)

Vesturbyggð (2015) „Deiliskipulag – Við Brjánslækjarhöfn. Málsnúmer 1506002“. Sótt af <https://vesturbyggd.is/stjornsysla/baejarstjorn-og-nefndir/fundargerdir/malsnumer/1506002>